

Samstarfssáttmáli

meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 2014-2018

Hafnarfirði 18. júní 2014



Hafnarfjörður - horfir móti sól

Bæjarfulltrúar Hafnarfjarðar bera allir ábyrgð á að efla bæinn og tryggja að hann sé ævinlega góður dvalarstaður fyrir íbúa og gesti, menn jafnt sem málleysingja. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar hafa gert með sér sáttmála um myndun meirihluta bæjarstjórnar, sem mun kappkosta að eiga jákvætt og uppbyggilegt samstarf við aðra bæjarfulltrúa á jafningjagrunni en umfram allt leita allra leiða til að efla samtal bæjarstjórnar við bæjarbúa um stjórn bæjarins.

Áhersla er lögð á ábyrga langtímahugsun í stefnumótun og stjórn bæjarins. Skýr markmið og sátt um framtíðarsýn er grunnur að farsælu verki. Því verður á kjörtímabilinu unnið að gerð langtímastefnu um framtíð bæjarins og leitað eftir frumkvæði og þátttöku bæjarbúa og samstöðu innan bæjarstjórnar.

Hafnarfjörður er áhugaverður bær sem státar af fallegu bæjarstæði, skýrum bæjarbrag og ríkulegri fjölbreytni jafnt í mannlífi sem atvinnulífi. Miklu skiptir að stjórn bæjarins, jafnt kjörnir fulltrúar sem stjórnsýslan, hafi krafta og snerpu til að bregðast við hraðri þjóðfélagsþróun og tækni framförum í því skyni að tryggja Hafnarfirði aðgang að tækifærum framtíðarinnar. Því sjá bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar ástæðu til að gerð verði markviss úttekt á starfi bæjarins.

Hafnarfjörður deilir atvinnu- og búsetusvæði með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu auk þess að vera nátengdur Reykjanesi. Góð samskipti og samvinna við nágrannasveitarfélög er mikilvægt verkefni.

Áfram verður brýnt að efla fjárhagsstöðu bæjarins. Áhersla verður lögð á aukna tekjuöflun til að mæta skuldbindingum, að efla starf bæjarins og greiða niður skuldir. Atvinnuuppbygging á grunni fjölbreytni, nýsköpunar og þekkingar er verkefni sem þarf að vinna að með markvissum hætti.

Hafnarfjarðarbær er stór vinnustaður og ber ríka ábyrgð gagnvart starfsfólki sínu. Undanfarin ár hafa verið gerðar miklar kröfur til starfsfólks um hagsýni og útsjónarsemi. Greið samskipti við og milli starfsmanna bæjarins og sterk tengsl starfsmanna og stjórnsýslu skipta miklu máli. Á sama hátt og krafa var gerð til þátttöku starfsmanna í aðhaldi þarf að hafa starfsfólk með í ráðum við uppbyggingu samfara batnandi rekstrarstöðu. Áhersla verður lögð á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs á öllum sviðum sem snerta störf bæjarins.

Kappkostað verður að hafa samráð við notendur þegar þjónusta er mótuð og styðja frumkvæði bæjarbúa, félagasamtaka og grasrótahreyfinga í hvers kyns samfélagsverkefnum sem stuðla að bættum hag og góðri líðan bæjarbúa í virku samfélagi.

Ábyrgur bær

Lögð er áhersla á ábyrga og trausta fjármálastjórnun með skýr og mælanleg langtímamarkmið. Horft verður til fjölbreyttra lausna í verkefnum bæjarins, með aðkomu fyrirtækja og einstaklinga á verkefnagrunni þar sem við á, með það fyrir augum að efla hag bæjarfélagsins. Markviss styrking fjölbreytts atvinnulífs og nýsköpun er mikilvægt skref til að tryggja að bærinn standi undir skuldbindingum sínum og geti boðið íbúum góða þjónustu. Niðurgreiðsla skulda er forgangsverkefni. Ráðinn verður bæjarstjóri með reynslu í rekstri og stjórnun.

Eftirtalin atriði eru meðal þess sem sérstaklega verður unnið að á kjörtímabilinu:

- Fjölbreytt val í húsnæðismálum fyrir þann margbreytilega hóp sem byggir Hafnarfjörð, hvort sem fólk vill búa í litlu eða stóru húsnæði, eiga, leigja eða velja sér aðra búsetukosti. Fylgt eftir átaki í fasteignaskráningu nýbygginga og tekjur bæjarins þannig auknar.
- Markvisst unnið gegn kynbundnum launamun hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Endurskoðun frítekjumarks og fyrirkomulags afsláttarkjara á fasteignagjöldum eldri borgara.
- Áhersla lögð á að tekjur af sölu lóða og eigna fari til niðurgreiðslu skulda.
- Aukið frjálsræði og sveigjanleiki í hafnfirsku stjórnkerfi, það sé móttækilegt fyrir skapandi hugsun og breytingar séu hluti af eðlilegu rekstrarumhverfi bæjarins líkt og annars staðar í atvinnulífinu.
- Niðurstöður úr þjónustukönnunum og ábendingar íbúa verði lagðar til grundvallar stefnumótun og aðgerðum.
- Áhersla á samstarf við nágrannasveitarfélögin og virk þátttaka í sameiginlegri stefnumótun.
- Hafnarfjörður verði umhverfisvænn bær og eflt aðhald um góða umgengni stofnana og fyrirtækja.
- Hafnarfjörður setji sér heildstæða dýraverndarstefnu.

Aðgengilegur bær

Fjölbreytileiki er verðmæti í sjálfu sér. Hafnarfjörður þarf að standa vörð um aðgengi allra að bænum og þjónustu hans, íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka. Aðgengi fólks að þjónustu og upplýsingum þarf að vera tryggt, hvort sem horft er til sérþarfa svo sem vegna fötlunar, uppruna eða aldurs. Allir einstaklingar, hvort sem þeir glíma við líkamlegar, félagslegar eða andlegar hindranir, eigi möguleika á sjálfstæðu lífi, með reisn og fái til þess aðstoð ef þarf. Einnig þarf að tryggja jafnt aðgengi þegar horft er til annarra þátta á borð við val á samgöngumáta, þjónustuviðmót eða aðgengi að upplýsingum og aðkomu að ákvörðunum í stefnumótun.

Eftirtalin atriði eru meðal þess sem sérstaklega verður unnið að á kjörtímabilinu:

- Horft verður til tillagna frá Öryrkjabandalaginu varðandi málefni fatlaðs fólks.
- Stuðningur verður við áframhaldandi þróun NPA (notandastýrða persónulega aðstoð) af hálfu sveitarfélagsins.
- Nýir íbúar verði boðnir velkomnir með upplýsingum um bæinn, fyrirtæki og þjónustu. Allir íbúar eigi greiðan aðgang að slíkum upplýsingum, hver á sínum forsendum, t.d. hvað varðar tungumál.

- Aðkoma að Hafnarfirði, merkingar og umhverfi beri bænum merki gestrisni og auðveldi fólki að sækja það sem Hafnarfjörður hefur að bjóða.
- Aðgengi að stjórnsýslunni verði bætt, beint lýðræði verði þróað áfram og það fái meira vægi, ekki einungis með atkvæðagreiðslum heldur ekki síður með aukinni þátttöku íbúa.

Framtíðarbær

Hafnarfjörður leggur áherslu á mannréttindi í þjónustu sinni við íbúa, jafnt unga sem aldna. Umhverfisvitund, mannréttindi, lýðræði og lýðheilsa verður í forgrunni í allri stefnumótun á kjörtímabilinu og hugað að samþættingu þvert á málaflokka. Vönduð og skilvirk stjórnsýsla sem nýtir sér nýjustu þekkingu og tækni er forsenda fyrir velgengni bæjarins.

Hafnarfjörður er fjölskylduvænn bær. Þjónusta bæjarins þarf að mæta þörfum íbúanna á öllum aldurskeiðum.

Eftirtalin atriði eru meðal þess sem sérstaklega verður unnið að á kjörtímabilinu:

- Skólastarf í bænum sé öflugt, metnaðarfullt og nútímalegt. Kennsluefni, búnaður og aðferðir séu í takt við tímann.
- Fjölbreytni ríki á öllum skólastigum svo hægt sé að velja skóla með mismunandi áherslum og milli skólahverfa.
- Hvatt verði til sjálfræðis skóla í stefnumótun og starfi.
- Stuðningur bæjarins við íþrótt- og tómstundaiðkun barna verður endurskoðaður og leiða leitað til að samþætta skóla og frístundastarf.
- Öldrunarþjónusta sé öflug og tillit tekið til ólíkra þarfa.
- Virkniúrræðinu „Áfram!“ verður haldið áfram.
- Fjölgun ungbarnadeilda við leikskóla og efling dagforeldrakerfis.
- Endurmat fyrirkomulags heilsdagsskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi

Áhugaverður bær

Hafnarfjörður er stórt sveitarfélag með skýran bæjarbrag og fallett bæjarstæði. Lega bæjarins, tengsl innan höfuðborgarsvæðisins og við Reykjanes er lykill að tækifærum til framtíðar. Í bænum er gróskumikið lista- og menningarlíf, íþrótt- og frumkvöðlastarf sem ber að rækta. Fjölbreytt atvinnulíf Hafnarfjarðar, í hefðbundnum greinum sem nýjum, er styrkur grunnur til nýsköpunar.

Eftirtalin atriði eru meðal þess sem sérstaklega verður unnið að á kjörtímabilinu:

- Efling hverfa bæjarins út frá sérstöðu hvers svæðis.
- Uppbygging miðbæjar, tenging við Hellisgerði, Sundhöll og smábátahöfn.
- Mótun verður stefna um tengsl við atvinnulífið til að laða fjölbreytta starfsemi til bæjarins.
- Markviss endurskoðun á ferðamálastefnu bæjarins.
- Efling menningar, lista og mannlífs, sem gerir Hafnarfjörð að eftirsóknarverðum og skemmtilegum bæ.

Fyrstu verkefni

- Ráðning bæjarstjóra
- Óháð úttekt á fjárhagsstöðu bæjarins
- Hafið verkefni um atvinnuþróun og markaðssetningu með áherslu á miðbæinn
- Greindir kostir á staðsetningu hjúkrunarheimilis
- Endurskoðun frístundastyrkja barna og frístundaaksturs
- Leitað leiða til að hefja aftur starfsemi í St. Jósefsspítala í samstarfi hagsmunaaðila
- Verkefnið um plastpokalausán bæ þróað áfram
- Hraðað tækjavæðingu og endurbótum á aðbúnaði í skólum
- Hreinsun og fegrun atvinnusvæða
- Rekstur félagslega húsnæðiskerfisins endurskoðaður með fjölgun íbúða að markmiði
- Mótun heildstæðrar heilsustefnu bæjarins
- Bókhald bæjarins opnað
- Úttekt og þarfagreining á húsnæði íþróttamannvirkja bæjarins m.t.t. nýtingar